# Leiðin að miðju jarðar
# Journey to the Centre of the Earth



Listasafn Reykjavíkur - Reykjavik Art Museum
nóvember 2001 - janúar 2002

# Rúbíkon hópurinn

Rúbíkon hópurinn var stofnaður 1997. Stofnendur voru glerlistamennirnir Bohumil Eliáš (1937), Jaroslav Matouš (1941), Jan Exnar (1951) og Jaromír Rybák (1952). Hugmyndafræðingur hópsins er Ivo Křen (1964), grafískur hönnuður og safnvörður 20. aldar glerlistardeildar Listasafns Austur-Bæheims í Pardubice (Východočeské muzeum v Pardubicích).

Markmiðið var að skapa sameiginlega framvarðarsveit listamanna sem - í leit sinni að nýjum tjáningarleiðum í bæheimskri glerlist - fundu hvatningu fyrir glerlistaverk sín í öðrum miðlum. Grunnhugmynd þeirra er sú almenna kenning að þrátt fyrir að glerið sé einstakt efni í sjálfu sér, þá verði listrænt gildi verks ekki eingöngu metið á grundvelli áhrifa efnisins. Með öllum sínum tjáningarmöguleikum þjóni glerið öðru fremur sem miðill fyrir eiginlegar hugmyndir listamannsins. Einföld fegurð efnisins geti ekki í sjálfri sér verið mælikvarði á gæði verksins, né heldur getur hún verið kjarninn í tilveru þess. Sá mælikvarði geti aðeins verið fólginn í sannfæringarkrafti sköpunar listamanns sem notar glerið til að tjá innri sannindi, sem ekki sé hægt að tjá með höggmyndagerð eða málun.

Allir fjórir stofnfélagar hópsins hlutu menntun í glerlist, og er sá miðill ríkjandi þáttur í list þeirra. Samtímis á glerlist þeirra sér rætur í málverki, teikningu og höggmyndum. Þetta er samband listamanna sem eru sterkir persónuleikar og hafa afar sterka listræna sýn, frumlegan stíl og njóta almennrar viðurkenningar í heimi glerlistamanna.

Öldum saman, eða allt frá tímum rómverska keisaradæmisins, hefur nafn lítillar ár á norðanverðri Ítalíu, Rúbíkon, sem hópurinn gerði að sínu, verið notað sem samheiti sem tengist örlagaríkum ákvörðunum. Í anda orða Júlíusar Sesars „Iacta alea est - teningunum er kastað!" verður ekki snúið til baka þegar farið hefur verið yfir þessi mörk. Á sama hátt hafa þessir listamenn einnig „kastað teningunum" og leita nú nýrra leiða í þeirri sannfæringu að þetta skref frá hinu meðtekna til hins óvissa sé hið eina sem mögulegt er að taka við listræna sköpun.

# The Rubikon Group

The Rubikon group was established in 1997. Its founding members were glass makers Bohumil Eliáš (1937), Jaroslav Matouš (1941), Jan Exnar (1951) and Jaromír Rybák (1952). The group's theoretician is Ivo Křen (1964), a graphic designer and the curator of the 20th century glass collection in the East Bohemian Museum in Pardubice (Východočeské muzeum v Pardubicích).

The objective was the mutual confrontation of artists who - in their search for new means of expression in Bohemian studio glass - also found stimulation for their glass art work in other fields of the visual arts. Their basic attitude is the consistently advocated principle that although glass is a unique substance in itself, the artistic quality of a work is not determined by the mere effect of its natural properties. Glass, with its unmistakable possibilities of expression, above all serves as a medium of the author's inset idea. The mere beauty of the material cannot in itself be the criterion of the work's quality, nor can it be the pure sense of its existence. These can only be the persuasive force of invention with which the artist uses glass to express an inner meaning inexpressible by other ways of sculpture or painting.

All four founding members had an education focused on artistic glass-making and this element is dominant in their work. At the same time, however, their glass work is deeply rooted in painting, drawing and sculpture. It is an association of artists of very strong personalities with a very distinctive artistic conception, an original style and a respected position in the world of art glass makers.

For centuries, since the times of the Roman Empire, the name of the little north Italian river Rubicon (in Czech written Rubikon-translator's note), which the group adopted as its name, has been the synonym for making a fundamental decision. In the spirit of Julius Caesar's „Iacta alea est - The die is cast!" there is no return once this boundary has been crossed. Similarly, the above-mentioned artists also „cast their dice" and search for new ways in the conviction that this step from the established to the unknown is the only one possible in creative artistic work.

# Jan Exnar

Samruni rýma/Contact of Spaces. 2001. Brætt og skorið gler/Melted and cut glass. 38 x 38 x 31 cm.



Nám:
1966-70 Glerlistaskólinn í Železný Brod.
1970-76 Handíðaskólinn í Prag:
glerverkstæði hjá Professor S. Libenský.

Studies:
1966 - 1970 Specialized School for
Glassmaking in Železný Brod
1970 - 1976 Studied at the Academy of
Applied Arts in Prague; glass studio
with Prof. S. Libenský.



Málari og glerlistamaður.
Painter, artist - glassmaker.
F/b 27. 07. 1951, Havlíčkuv Brod.

Þegar ég halla höfðinu undir næturhimninum
er ég að reyna að skilja hið óskiljanlega.

Leaning back my head under the night sky
I attempt to grasp the ungraspable.

# Bohumil Eliáš

Sjálfviljugur í netinu/Voluntarily in the Net, 2000. Málað gler/Painted glass, h. 212 cm.





Málari og glerlistamaður.
Painter, artist - glassmaker
F/ b. 02. 09. 1937, Nasoburky.

Nám:
1954-57 Glerlistaskólinn í Železný Brod.
1957-63 Handíðaskólinn í Prag, glerverkstæði hjá Professor J. Kaplický.

Studies:
1954 – 1957 Specialized School for Glassmaking in Železný Brod.
1957 – 1963 Academy of Applied Arts in Prague, glass studio with Prof. J. Kaplický.

Öldum saman hefur hafið lokið sinni ferð á mörkum hins endanlega og hins óendanlega. Stórfengleg minnismerki, virkisveggi fornra tákna - ber þar við himinn.

For centuries the sea has ended its route at the border between the definite and the infinite. Monumental stelas, the ramparts of ancient signs - tower here.

# Jaroslav Matouš

Heilsulind/Healing Spring, 1997. Brætt gler og vír/Melted glass and wire, þvermál/diameter 46 cm, h. 26 cm.



Nám:
1956-60 Glerlistaskólinn í Železný Brod.
1961-67 Handíðaskólinn í Prag;
glerverkstæði hjá Professor S. Libenský.

Studies:
1956 - 1960 Specialized School for Glassmaking in Železný Brod.
1961 - 1967 Academy of Applied Arts in Prague; glass studio with Prof. S. Libenský.



Málari og glerlistamaður
painter, artist – glassmaker
F/b 26.02 1941 Hlinsko v Čechách.

Heimurinn – örlítill blettur í óendanleik alheimsins,
en um leið endalaus samsetning forma
sem eru stútfull af öðrum, enn smærri heimum.

The world – a tiny speck in the immensity of the universe,
at the same time an endless composition of forms
filled to the brim with other, even smaller universes.

## Inngangur

Glerið er án efa eitt merkilegasta efni sem maðurinn hefur uppgötvað. Mótanlegt í fljótandi formi, gegnsætt í föstu formi, tekur í sig fjölskrúðuga liti og fjölbreytta lögun - möguleikarnir eru nær ótæmandi. Fyrir myndlistina er slíkur efniviður að sjálfsögðu mikill fengur, og listaverk úr gleri hafa verið sköpuð frá ómunatíð.
Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að glerlist standi nú einna hæst í heiminum í Tékklandi, og sýningin „Leiðin að miðju jarðar" er einmitt þaðan komin. Þau Stanislav Libenský og Jaroslava Brychtová eru heimsþekkt á þessu sviði eftir áratuga starf, og meðlimir Rúbikon-hópsins, þeir Bohumil Eliáš, Jaroslav Matouš, Jan Exnar og Jaromír Rybák hafa haslað sér völl meðal bestu glerlistamanna álfunnar. Ivo Křen, grafískur hönnuður, safnvörður og hugmyndafræðingur hópsins, er jafnframt sýningarstjóri þessa verkefnis.
Það verður að telja fullvíst að glerlist í hæsta gæðaflokki á greiða leið að gestum Listasafns Reykjavíkur í þessari sýningu á Kjarvalsstöðum.

Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður.

## Leiðin að miðju jarðar

Sýningin „Leiðin að miðju jarðar" fjallar um með hvaða hætti við sjáum það sem er fyrir ofan okkur, umhverfis okkur, og hið innra með okkur. Ísland virðist einmitt vera sem skapað fyrir pílagrímsferð af þessu tagi - svæði með þrennskonar mörkum, þar sem óendanleiki himinsins mætir djúpum hafsins og óbeislaðri orku jarðarinnar. Óendanleiki meðvitundarinnar mætir djúpum sálarinnar og orku tilfinninganna.
Þetta er fyrst og fremst ferð í átt að ímyndaðri miðju okkar sjálfra.

Ivo Křen, sýningarstjóri.

## Introduction

Glass is undoubtedly one of the most remarkable substances discovered by man. It can be moulded in liquid form, is transparent in solid form, takes on a multitude of colours and a variety of shapes - the possibilities are endless. For art, such a medium is obviously a great find, and artworks have been made of glass since time immemorial.
It is generally agreed among those who know the field that glass art in our times is at its best in the Czech Republic, where the exhibition „Journey to the Centre of the Earth" comes from. Stanislav Libenský and Jaroslava Brychtová are renowned in this field after many decades of work, and the members of the Rubikon Group, Bohumil Eliáš, Jaroslav Matouš, Jan Exnar and Jaromír Rybák have been establishing themselves among the best glass artists of Europe. Ivo Křen, a graphic designer and curator is the ideological leader of the group, and is also the curator for this project.
I am certain that glass art of the highest quality will be enjoyed by the guests of the Reykjavík Art Museum, and welcome you the exhibition.

Eiríkur Thorláksson, Director.

## Journey to the Centre of the Earth

„Journey to the Centre of the Earth" is about the way we perceive things above us, around us and within us. The place named Iceland seems to have been made for this kind of pilgrimage. The territory of three boundaries, where the infinity of the sky meets with the depths of the ocean and the Earth's unrestrained power. The infinity of consciousness with the depth of the soul and the power of feelings.
It is an attempt at primarily finding the imaginary centre within ourselves.

Ivo Křen, Curator.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee af the City of Reykjavík: Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair. Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds, Júlíus Vífill Ingvarsson, Pjetur Stefánsson og Kjartan Ólafsson

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur /
Director of Reykjavík Art Museum: Eiríkur Þorláksson.
Kynningarstjóri / PR: Soffía Karlsdóttir
Þýðing / Translation: Eiríkur Þorláksson.

Umsjón með gerð sýningarskrár /
Catalogue production: Ágústa Kristófersdóttir
Umbrot og prentun /
Layout and printing: Grafík h.f.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Íslandssími

# Jaromír Rybák

Te - fiskur/Tea - Fish, 2001. Brætt gler/Melted glass, 79 x 109 x 25 cm.



Nám:
1967-71 Glerlistaskólinn í Železný Brod.
1970-76 Handíðaskólinn í Prag; glerverkstæði hjá Professor S. Libenský.

Studies:
1967 - 71 Specialized School for Glassmaking in Železný Brod.
1973 - 79 Academy of Applied Arts in Prague; glass studio with Prof. S. Libenský.



Málari og glerlistamaður
painter, artist - glassmaker.
F/b 24. 02. 1952, Plzeň.

Ógnvænlegar skepnur flakka um endalausar lendur ímyndunarinnar. Þær eru endurspeglun vanmáttar okkar, en um leið trúar og löngunar til að komast í samband við öfl góðs og ills.

Perturbing creatures roam through the endless landscapes of imagination. They are a reflection of our lack of power, but at the same time of our faith and desire to enter into a relationship with the powers of good and evil.

# Ivo Křen

Aldingarður/Orchard, 2000. Dúkrista/Linocut, 71 x 120 cm.



Nám:
1983-88 Kennslufræðideild í Hradec Králové - fagurlistadeild.
Safnvörður 20. aldar glerlistardeildar Listasafns Austur-Bæheims síðan 1989.
Sýningarstjóri Rubikon síðan 1998.

Studies:
1983 - 1988 Faculty of Pedagogics in Hradec Králové - Branch of Fine Art Education.
Since 1989 curator of the Collection of 20th Century Glass of East Bohemia Museum in Pardubice.
Since 1998 curator of the Rubikon Group.



Safnvörður glerlistardeildar og grafískur listamaður.
Curator of glass collection, graphic artist.
F/b 06.02.1964, Pardubice

Ekkert gleymist algjörlega. Allar tilfinningar okkar eru geymdar einhvers staðar djúpt inni í okkur.

Nothing is quite forgotten. Everything that has ever been felt is stored away somewhere deep inside us.

# Stanislav Libenský og Jaroslava Brychtová



Listamannahjónin, eiginmaðurinn og eiginkonan - Stanislav Libenský prófessor og Jaroslava Brychtová myndhöggvari - hafa unnið saman í listsköpun sinni í fimmtíu ár. Bæði völdu að vinna með gler í list sinni og smám saman brutu þau öll takmörk efnisins sem viðtekin voru fram á miðja síðustu öld.
Þróun og notkun þeirrar nýstárlegu tækni að bræða gler í mót var einn af vendipúnktum þessarar þróunar.
Það var með þessari tækni sem Stanislav Libenský og Jaroslava Brychtová kynntu á sjötta áratug síðustu aldar algjörlega nýjar aðferðir við glervinnlsu. Með þessari tækni getur listamaðurinn notað áhrif glersins á ljós og liti, og um leið mótað það á sama hátt og efni í hefðbundinni höggmynd.
Samtímis því að þau kynntu til sögunnar nýja tækni báru verk þessara tveggja listamanna með sér ný viðhorf til efna og rýmis allt frá upphafi samstarfs þeirra. Svæðið umhverfis höggmynd er ekki séð sem tóm, og tvö form birtast í gagnkvæmu samhengi - hið innra skapað af birtu en hið ytra mótað.
Mikilvægi þessara listamanna felst ekki aðeins í því fordæmi sem þau hafa gefið með eigin listsköpun. Sem helsti prófessorinn við glerverkstæðið við Handiðaskólann í Prag í fjöldamörg ár gat Libenský bent stúdentum sínum á að huga að þeim tjáningarmöguleikum sem glerið býður upp á. Margir nemenda hans og lærisveina eru nú meðal þekktustu glerlistamanna heims.

The artist couple, husband and wife - professor Stanislav Libenský and sculptress Jaroslava Brychtová - have been collaborating in their work for fifty years. Both chose glass as the material for their works of art and they gradually succeeded in totally breaking the limits of the way this material was treated up to the middle of the 20th century.
The use and elaboration of the revolutionary technique of glass melting into a mould may justly be considered to be one of the decisive moments of this development.
It was by means of this technique that, in the late fifties of the 20th century, Stanislav Libenský and Jaroslava Brychtová introduced an absolutely new manner of treating glass to the art of glass making. Thanks to this technique the artist can use glass as a material with an exceptional ability to transform light and color, and at the same time he can form it in the same way as in classical sculpture modeling.
Simultaneously with bringing a new technique, right from the beginning of their collaboration in the field of glass making, the works of these two artists documented an absolutely new attitude to substances and volumes. The space around a sculpture is not perceived as a void, and two forms enter into a mutual relationship - the inner one created by light, the outer, modeled.
However, the significance of these artists is not only in the example they set by their own works. As the long-standing leading professor of the glass studio at the Academy of Arts, Architecture and Design in Prague, he was able to give his students food for thought about the possibilities of expression offered by glass. Several of his pupils and disciples are among the world's most prominent personalities in the field of studio art-glass.

Fangaður engill/Impress of Angel, 1996-97, Brætt gler/Melted glass, 79x109 x 79 cm.



Stanislav Libenský
Myndhöggvari og glerlistamaður.
Sculptor, artist - glassmaker
F/b 27.03. 1921, Sezemice.

**Þrátt fyrir allt mannlegt og yfirlætislegt sjálfsöryggi langar okkur undir niðri að hitta engla. Þeir bíða, gagnrýnislaust.**

**Despite all human aggressive self-confidence we subconsciously long to meet angels. They wait, unquestioning.**

Nám:
1937-39 Glerlistaskólinn í Nový Bor.
1939-44 Handiðaskólinn í Prag;
glerverkstæði hjá prófessor J. Holeček.
1949-50 Handiðaskólinn í Prag;
glerverkstæði hjá prófessor J. Kaplický.

1945-54 Fyrirlesari í glerlistaskólanum í Nový Bor.
1954-63 Skólastjóri glerlistaskólans í Železný Brod.
1963-87 Aðalprófessor við glerverkstæði Handiðaskólans í Prag.

Studies:
1937 - 39 Specialized School of Glassmaking in Nový Bor.
1939 - 44 Academy of Applied Arts in Prague, glass studio with Prof. J. Holeček.
1949 - 50 Academy of Applied Arts in Prague, glass studio with Prof. J. Kaplický.

1945 - 54 Lecturer at the Specialized School for Glassmaking in Nový Bor.
1954 - 63 Director of the Specialized School for Glassmaking in Železný Brod.
1963 - 87 Head professor of the Glass Studio at the Academy of Applied Arts in Prague.

Jaroslava Brychtová
Myndhöggvari og glerlistamaður
Sculptor, artist - glassmaker.
F/b 18. 08. 1924, Železný Brod

Nám:
1945-51 Handiðaskólinn í Prag, hjá prófessor K.Štipl.
1947-50 Fagurlistaskólinn í Prag, hjá prófessor J. Lauda.

Studies:
1945 - 51 Academy of Applied Arts in Prague with Prof. K.Štipl.
1947 - 50 Academy of Fine Arts in Prague with Prof. J. Lauda.